

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1904/96**frá 27. september 1996****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða(*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 92. (c-lið 3. mgr.), 94. og 113. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningur um að virða eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíða- og skipaviðgerðariðnaðinum ⁽⁴⁾, sem var gerður á milli Evrópubandalagsins og tiltekinnna þriðju landa innan ramma Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), hefur ekki enn öðlast gildi.

Af þeim sökum hefur reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða ⁽⁵⁾ ekki enn komið til framkvæmda.

Í samræmi við 10. gr. umræddrar reglugerðar skulu viðeigandi reglur tilskipunar 90/684/EBE ⁽⁶⁾ gilda til bráðabirgða eða þar til OECD-samningurinn öðlast gildi, þó ekki lengur en til 1. október 1996.

Ef til þess kemur að gildistöku OECD-samningsins verði frestað fram yfir 1. október 1996 verður ráðið að grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 3094/95.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

Stök grein

Í stað þriðju málsgreinar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 3094/95 komi eftirfarandi:

„Viðeigandi ákvæði tilskipunar 90/684/EBE skulu gilda uns téður samningur öðlast gildi, þó ekki lengur en til 31. desember 1997.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. september 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

M. LOWRY

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. C 213, 23. 7. 1995, bls. 14.

(²) Álit var skilað 20. september 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(³) Álit var skilað 25. september 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(⁴) Stjtið. EB nr. C 375, 30. 12. 1994, bls. 3.

(⁵) Stjtið. EB nr. L 332, 31. 12. 1995, bls. 1.

(⁶) Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/73/EB (Stjtið. EB nr. L 351, 31. 12. 1994, bls. 10).